

Brellinn blaðamaður

BÆKUR

Dauði trúðsins

Árni Þórarinsson. 391 bls. JPV 2007.

Glæpasagnahöfundar sem verma efstu sæti metsölulistanna skrifa iðulega margar bækur þar sem sama persóna fæst við ný og ný sakamál. Erlendur Arnaldar og Stella Blómkvist eru ágætis dæmi um sögupersónur sem eiga sér framhaldslíf og nú er fimmta bókin um Einar, blaðamann á Síðdegisblaðinu, komin út.

Dauði trúðsins gerist á Akureyri, þeim fagra bæ, um verslunarmannahelgi. Fjölskylduhátíðin „Allt í einni“ stendur sem hæst og lögreglan hefur í nógu að snúast vegna slagsmála og nauðgana sem fylgja slíkum samkomum. Einar er á höttunum eftir einhverju fréttæmu, glímir við sína fortíðardrauga og reynir að fóta sig í föðurhlutverkinu meðan hann sogast inn í snúið sakamál. Stúlka finnst látin í yfirgefnu húsi, dularfull kona hefur samband við Einar og talar í gátum, amerískar kvikmyndastjörnur dvelja á Hótel KEA og hegða sér undarlega, maður liggur meðvitundarlaus á gjörgæslu og sitthvað misjafnt er á sveimi. Brotin raðast saman (fullhægt fyrir minn smekk), m.a. fyrir tilstilli, langsóttu vísbendinga, dulargerva og rafrænna upplýsinga eins og þjóðskrár, Íslendingabókar, google og gagnasafns Morgunblaðsins. Það er miklu fremur afslappaður stíllinn, húmorinn og frásagnargleðin sem heldur manni við bókina heldur en spennan yfir glæpamálinu.

Sagan snýst að miklu leyti um ógæfufólk sem hefur glatað sjálfsvirðingu sinni og lent á glapstigum en litlu munaði að Einar lenti þar sjálfur á árum áður. Hann er hættur að drekka þegar hér er komið sögu, en er í þunglyndislegri miðaldrakrísu. Flestar persónur sögunnar eru dregnar sterkum, einföldum dráttum: yfirlögreglustjórinn Ólafur Gísli er bangsalegur góðvinur Einars, röggsamur og hjartahlýr; ritstjórnir Trausti og Hannes eru fulltrúar ólíkra gilda í viðskiptum og dagblaðarekstri; menntaskólastrákurinn sem ráðinn er í afleysingar er með kenningar um kapítalisma og heimsósóma á hraðbergi og nýja blaðakonan, Sigurbjörg, kemur Einari á óvart, eldklár og bráðhugguleg í ljósri buxnadragt. Fórnarlömbin eru hins vegar frekar daufleg og utangátta og vondu kallarnir ekki nema staðalmyndir spillingar, losta og græðgi. Gamli taktar úr fyrri bókum um Einar ylja dyggum lesendum vafalaust um hjartarætur, s.s. ýmsir orðaleikir, íronía og vísanir en titill sögunnar er úr dramatískum texta The Kinks. Textabrotin eru þó ofnotuð í sögunni og óljós tenging við þjóðsöguna um móðurina í kví-kví bætir litlu við spennu eða túlkun.

Það er algengt í íslenskum raunsæisglæpasögum að taka á ýmsum málum sem brenna á samfélaginu og Árni Þórarinsson svíkt ekki undan merkjum í því efni. Í sögunni er harðsoðin þjóðfélagsgagnrýni á ferð, dregin er upp dökk mynd af samfélagi okkar þar sem ofbeldi, einelti og misnotkun fá að þrífast og enginn skeytir um þá sem minna mega sín. En gagnrýnin beinist líka að Einari sjálfum og kynslóð hans: „Fyrir nokkrum árum, þegar ég var einn af harðjöxlunum, mátti flest kvöld ganga hér að ýmsum kollegum mínum af fjölmiðlunum vísum. En stéttin er orðin ráðsettari og stilltari, eins og ýmsar aðrar stéttir, litlaus af langri skólagöngu og hagsmunagæslu, en snyrtileg. Of oft finnst mér ritstjórnirnar minna á ópersónulegar verksmiðjur þar sem starfsfólkið situr við færiband að framleiða dálkafyllingar sem hugnast og

gagnast fáum öðrum en þeim sem auglýsa í sama blaði. Svo stimplar fólk sig út og fer heim í kjarnafjölskylduna með viðkomu í ræktinni. Er ég ekki einmitt orðinn svona sjálfur? ...“ (284).

Dauði trúðsins er lipurlega skrifaður krimmi og ágætis afþreying þótt framvindan sé hæg. Boðskapurinn er skýr og þarfur: „Það er ekki aukaatriði, heldur aðalatriði, hvernig fólk kemur fram við fólk, utan sem innan fjölskyldna, foreldrar við börn og börn við foreldra“ (378). Sá boðskapur á sjaldan eins brýnt erindi við okkur og nú á dögum.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
<http://steinunninga.wordpress.com/>